



Velferðarráð Kópavogs
Karen E. Halldórsdóttir, formaður

Kópavogi, 19. ágúst 2021
2108725/999.00 AKG

Heilsuefling aldraðra. Aðgerðaáætlun

Meðfylgjandi er aðgerðaráætlun um heilsueflingu aldraðra sem birt var á vef Stjórnarráðsins þann 18. ágúst sl.

Aðgerðaáætlunin er byggð á skýrslu starfshóps sem skilaði ráðherra tillögum í byrjun þessa árs um fyrirkomulag samstarfsverkefna sem gætu stuðlað að heilsueflingu aldraðra og gert öldruðum kleift að viðhalda lengur færni og heilsu, auki þannig lífsgæði og bætt getu fólks til að búa lengur á eigin heimili.

Komið verður á formlegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga um heilsueflingu aldraðra, stefnumótun um heilsueflingu og virkni verður liður í sóknaráætlunum landshluta, hlutverk heilsugæslunnar á þessu sviði verður aukið og unnið verður að markvissri fræðslu fyrir aldraða um heilsueflingu.

Heilbrigðisráðuneytið leiddi vinnu hópsins sem vann aðgerðaáætlunina. Auk starfsmanna þess sátu einnig í hópnum fulltrúar félagsmálaráðuneytisins, embættis landlæknis, Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Áætlunin er lög fyrir velferðarráð til upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Anna Klara Georgsdóttir
deildarstjóri